



ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ

Ísland – allt árið er markaðsverkefni sem hefur þann tilgang að festa ferðþjónustu í sessi sem heilsársatvinnugrein og auka arðsemi af greininni. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að veita á næstu tveimur árum allt að 200 milljónum króna hvort ár til verkefnisins, enda sé samantlagt framlag annarra þátttakenda ekki lægri fjárhæð. Því er nú stefnt að gerð nýs samnings fyrir árin 2015 og 2016 en núgildandi samningur rennur út í lok þessa árs.

Verkefnið er markaðs- og kynningarverkefni fyrir Ísland og íslenska ferðþjónustu á erlendum mörkuðum. Markaðssetningin fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland. Framlögum skal varið með almennum hætti og kynningarefni á vegum þess verður í þágu ferðþjónustunnar í heild.

Helstu markmið verkefnisins eru að jafna árstíðasveiflur í ferðþjónustu, auka meðalneyslu ferðamanna og bæta viðhorf og vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastað.

Lágmarksframlag þátttakenda til samningsins eru 20 m.kr. Fyrirtækjum, félagasamtökum, sveitarfélögum, stofnunum og öðrum er heimilt að mynda hóp sem yrði aðili að samningnum.

Íslandsstofa er framkvæmdaraðili verkefnisins og veitir allar nánari upplýsingar. Áhugasamir sendi tölvupóst á islandalltarid@islandsstofa.is fyrir 15. desember n.k.



COME AND BE
INSPIRED BY ICELAND

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ